



Fundarboð

Þjóðhetja í endurskoðun

Guðjón Friðriksson

sagnfræðingur

heldur fyrirlestur á vegum Vísindafélags Íslendinga í Norræna húsinu
fimmtudaginn 20. febrúar 2003, kl. 20:00

Í fyrirlestri sínum mun Guðjón fjalla um þjóðhetjuna Jón Sigurðsson og skoða ævi hans og störf frá nýjum sjónarhóli. Hann mun segja frá ævisögu sinni um Jón Sigurðsson en fyrra bindi hennar kom út á síðasta ári en hið síðara kemur út í ár. Hann mun spjalla um heimildaöflun heima og erlendis auk þess sem hann fjallar um einstök efnisatriði og aðferð sína við sjálfa söguritunina.

Guðjón Friðriksson er fæddur í Reykjavík 1945, lauk stúdentsprófi frá MR 1965 og BA prófi frá HÍ 1970. Hann fékkst síðan við kennslu og blaðamennsku til 1985 en frá þeim tíma hefur hann eingöngu helgað sig fræði- og ritstörfum. Meðal helstu verka hans auk ævisögu Jóns Sigurðssonar eru Bærinn vaknar. Saga Reykjavíkur 1870-1940 í tveimur bindum, Ævisaga Jónasar Jónssonar frá Hriflu í þremur bindum, Ævisaga Einars Benediktssonar í þremur bindum og Nýjustu fréttir! Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga. Guðjón hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar og þar á meðal Íslensku bókmenntaverðlaunin tvisvar í flokki fræðirita.

Fundurinn er öllum opinn. Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og taka með sér gesti. Kaffistofa Norræna hússins verður opin að fundi loknum. Gjörið svo vel að hengja þessa auglýsingu upp á vinnustað þar sem við á.

Áður en erindi Guðjóns hefst verður almennur **félagsfundur í Vísindafélagi Íslendinga** og mun formaður valnefndar kynna þar tillögur nefndarinnar um nýja féлага. Félagfundurinn hefst kl. **19:30** og ætti að vera lokið áður en erindið hefst kl 20:00.

Stjórnin